



Efni: Beiðni um fleiri stöðugildi í barnavernd


Fjöldi tilkynninga til barnaverndar hefur að jafnaði aukist á hverju ári á landsvísu. Í Hafnarfirði fjölgaði barnaverndartilkynningum um tæplega 9% milli áranna 2017-2021. Tilkynningarnar varða um 600 börn. Haustið 2018 var þróað nýtt verklag, Brúin, með það að markmiði að þjónusta börn í Hafnarfirði fyrr með snemmtækum stuðningi. Var því gert ráð fyrir að þar sem þjónusta á „öðru stigi“ myndi aukast og því ætti að draga úr þjónustuþörf á „þriðja stigi“. Verklag Brúarinnar er tengt við skólana og er markmiðið að skóli veiti allan þann stuðning sem hann hefur yfir að ráða áður en málefni barna er tilkynnt til barnaverndar. Á þessum árum má sjá að tilkynningum frá skóla og leikskóla fækkaði lítillega árið 2020 en jukust árið 2021. Þá hefur tilkynningum úr öðrum áttum t.d. undir tilkynnendaflokknum „Aðrir“ fjölgað verulega.



Til samanburðar má sjá þróun barnaverndartilkynninga til barnaverndar Kópavogs. Árin 2017 voru tilkynningar til Kópavogs 25% færri en til Hafnarfjarðar og 20% færri árið 2018. Árin 2019-2021 hefur tilkynningafjöldi verið svipaður milli sveitarfélaganna en fjöldi barna sem tilkynnt var um til Kópavogs hefur aukist. Í Kópavogi er ekki formlegt verklag líkt og Brúin, en þar er hlutfall tilkynninga frá skólayfirvöldum og „öðrum“ sambærilegur milli ára.




Í samantekt Barnaverndarstofu er tekið mið af fjölda barna í sveitarfélagum og fjölda mála sem unnin eru hjá hverri nefnd. Þar skorar Hafnarfjörður einna hæst sveitarfélaga en viðmiðið fyrir árið 2019 var 81,1 barnaverndarmál per 1000 börn í Hafnarfirði. Til samanburðar er málavinnsla í Kópavogi 74,4 b.v.mál/1000 börn og í Reykjavík 64,3 b.v.mál/1000 börn.



Árið 2017 voru félagsráðgjafar í málavinnslu í barnavernd Hafnarfjarðar 9, auk deildarstjóra. Vegna aukins álags undanfarinna ára var samþykkt að bæta við einu stöðugildi í barnaverndarhópinn árið 2018. Ekki veitti af aukningunni og voru starfsmenn enn með um 40 mál á mann og ný mál voru sett á bið. Árið 2019 óskaði einn starfsmaður eftir að minnka við sig vinnu úr 100% í 70% vegna álags og var orðið við því. Seinna sama ár fór sami starfsmaður í veikindaleyfi í eitt ár vegna alvarlegrar streitu og álags auk annars starfsmanns sem einnig fór í veikindaleyfi vegna álags í eitt árog voru stöðugildi því ekki fullmönnuð í um eitt ár. Í byrjun árs 2020 fór þriðji starfsmaðurinn í veikindaleyfi og kom til baka til vinnu í maí sama ár, en þá hafði verið ákveðið að færa stöðugildi hans yfir í annað teymi, með þeim rökum að vegna nýs vinnulags Brúarinnar þyrfti að auka þjónustu á „öðru stigi“ og horft til

fækkunar á barnaverndarmálum sem gera mátti ráð fyrir að yrði vegna tilkomu Brúarinnar. Þeir starfsmenn sem höfðu þá verið í veikindaleyfi voru þá komnir til baka til vinnu. Hins vegar hefur tilkynningum og málum ekki fækkað eins og sjá má á meðfylgjandi tölfræði. Mál sem koma á borð barnaverndar fela í sér margþættan og fjölþættan vanda sem er á lengri veg kominn en áður, má þá nefna alvarlegra ofbeldi og önnur áhættuþegðun hjá unglingum sem mörg hafa rata í fjölmiðla síðustu mánuði. Málum hefur ekki fækkað en þau hafa þungst. Álag er því orðið gríðarlegt og óttast undirrituð að missa fólk á ný í veikindaleyfi vegna álags og streitu.

Til samanburðar eru 12,4 stöðugildi í málavinnslu í barnavernd Kópavogs auk deildarstjóra og tveggja stöðugilda sálfræðinga sem vinna samhliða málstjórum í barnaverndarmálum. Mikil áhersla hefur verið á aukningu málstjóra og faglegra stjórnenda hjá Barnavernd Reykjavíkur en þar voru 58 stöðugildi árið 2021 og er þar enn farið fram á aukningu stöðugilda. Viðmið málafjölda hjá Barnavernd Reykjavíkur eru 25 mál á hvern málstjóra og er unnið að því að fækka því í 20 mál á hvern málstjóra. Fimm teymi eru hjá Barnavernd Reykjavíkur, hvert með sinn deildarstjóra, tveir skrifstofustjóra auk framkvæmdastjóra.



Eins og sjá má af ofangreindum tölum eru starfsmenn/málstjórar hjá barnavernd Hafnarfjarðar mun færri en hjá nágrannarsveitarfélögum miðað við fjölda barna í sveitarfélögunum. Hjá barnavernd Kópavogs eru tvö stöðugildi sálfræðinga en hjá barnavernd Hafnarfjarðar er sálfræðingur starfandi í 50% stöðugildi. Mikið álag er á alla starfsmenn, hver málstjóri er með á milli 30-40 mál á sinni könnu, en til að reyna minnka álag á starfsmenn var ákveðið á starfsdegi barnaverndarstarfsmanna í byrjun október sl. að horfa til Barnaverndar Reykjavíkur og setja viðmiðið við 25 mál á hvert 100% stöðugildi. Það þýðir að mál á bið hafa aukist jafnt og þétt og eru nú við lok nóvembermánaðar eru mál 30 barna á bið, öll alvarleg auk þess sem meirihluti starfsmanna er enn með um og yfir 40 mál á sinni könnu.

Þá má geta þess að um áramótin 2022/2023 leggjast barnaverndarnefndir af og við taka umdæmisráð. Fyrir umdæmisráð munu eingöngu leggjast mál þar sem þarf að fara fram með þvingun t.d. varðandi vistun barna utan heimilis. Við þá breytingu má gera ráð fyrir að álag á

starfsmenn barnaverndar aukist þar sem hluti af valdsviði barnaverndarnefndar færist yfir til barnaverndarþjónustu.

Deildarstjóri metur álag á starfsmenn eftir málavoginni sem er viðurkennt álagstæki í barnavernd. Miðað við 100% stöðugildi er gert ráð fyrir að starfsmaður sé með 150 stig. Um mánaðarmótin ágúst- september var málavogin síðast lögð fyrir og voru starfsmenn að meðaltali með um 200 stig sem telst allt of mikið og hefur álag aukist enn frekar síðan þá. Málavogin verður lögð fyrir aftur í desember. Á deildarstjóra er einnig mikið álag, sem felst í að stýra daglegu starfi barnaverndar, úthluta verkefnum, veita ráðgjöf og handleiðslu við starfsmenn, þróa verklag og þjónustu í samvinnu við aðra deildarstjóra og önnur svið, auk ýmissa annarra mála þ.á.m. að sinna tímavinnustarfsmönnum sem sinna tilsjónarmálum, en starfandi eru 5 tilsjónarmenn hjá fjölskyldu og barnamálasviði sem heyra undir deildarstjóra barnaverndar. Aðgangur að deildarstjóra fyrir starfsmenn er því ekki alltaf mikill og yrði það til mikilla bóta ef fenginn yrði teymisstjóri til aðstoðar við deildarstjóra, sem gæti tekið að sér ráðgjöf og handleiðslu til starfsmanna. Sá teymisstjóri gæti komið úr hópi núverandi starfsmanna en tæki að sér færri mál fyrir vikið þannig að um 30%- 40% af hans starfi færi í að sinna starfi teymisstjóra. Því er óskað eftir tveimur stöðugildum málstjóra í barnavernd auk þess að fá þau 30% til baka sem fóru þegar starfsmaður minnkaði við sig vinnu úr 100% í 70%. Þessi 30% væri hægt að nýta fyrir teymisstjóra.

Virðingarfyllt,

Helena Unnarsdóttir, deildarstjóri barnaverndar